

***BORGARRÁÐ 3. júní 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu Reykjavíkurborgar að nýyrðasamkeppnum - R21060023***

Fyrirspurn Flokks fólksins um aðkomu Reykjavíkur að nýyrðasamkeppnum. Nýlega birtist frétt um herferð Reykjavíkurborgar þar sem efnt var til nýyrðasamkeppni fyrir enska hugtakið Staycation. Sú samkeppni sem hér um ræðir kostar borgarbúa rúmar tvær milljónir, en kostnaðurinn sem gefinn er upp nær einungis til birtinga og auglýsinga, ekki til hönnunar, grafískrar vinnslu eða undirbúnings-vinnu þar sem sú vinna er unnin innanhúss hjá Reykjavíkurborg. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé hlutverk Reykjavíkurborgar að styrkja nýyrðasmíð á Íslandi? Hver tilgangurinn með því að borgin standi fyrir keppni við að búa til nýyrði? Fulltrúi Flokks fólksins spyr því hver kostnaðurinn var við hönnun á þessari tilteknu samkeppni? Óskað er upplýsinga um allan annan kostnað sem nýyrðasamkeppnin hafði í för með sér. Einnig er spurt hvaða ástæður liggja að baki mismunandi greiðslna til fjölmiðla. Mest var greitt til mbl.is, tæplega hálf milljón en mbl.is er netmiðill. Næstmest til auglýsingar í Fréttablaðinu eða 353.100 krónur, auk 85.000 króna á frettabladid.is. (netmiðill) 210 þúsund krónur voru greiddar yfir birtingar á Vísi.is (netmiðill) og 50 þúsund krónur á samfé-lagsmiðlum.. Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt mikið til samkeppni af þessu tagi sl. 5 ár?